


Atvinnuleysi í desember 1999-2008



Atvinnuleysi er nærtækur mælikvarði á stöðu atvinnulífsins á hverjum tíma. Í desember sl. Var atvinnuleysi á landinu komið í tæp 5% eða sem svarar til um 12.000 manna. Umskiptin eru afar hröð enda mældist atvinnuleysi aðeins 1,3% í september 2008. Á fjórum mánuðum hefur atvinnuleysi fjórfaldast. Flest bendir til að hámarki atvinnuleysis sé ekki náð. Atvinnuástand er langverst á Suðurnesjum þar sem tíundi hver vinnufær er án atvinnu. Hins vegar hefur atvinnuástand verið að versna einna hraðast á höfuðborgarsvæðinu, sérstaklega meðal karla. Ef horft er til atvinnugreina er ástandið langverst í mannvirkjagreinum.

Heimild: Vinnuálastofnun